Flutningur á nautgripum eða geitum

Framkvæmd

Aðgerð	Úttak	Ábyrgð og framkvæmd
1.Umsókn móttekin	Málaskrá	1. Umsækjandi fyllir út rafræna umsókn um flutning á nautgripum eða geitum yfir varnarlínur í Þjónustugátt MAST: http://umsokn.mast.is, 2.07 fyrir geitfé og 2.08 fyrir nautgripi. Þegar umsækjandi velur aðgerðina "senda" fer umsókn á lista í þjónustugátt. Aðilar í móttöku MAST (á Selfossi og Dalshrauni) stofna mál í málakerfi fyrir hverja umókn undir innskráðum viðskiptavini. Móttaka MAST verður sjálfkrafa ábyrgðarmaður (ábm) málsins. - Heiti máls verður "Flutningur nautgripa yfir varnarlínu" eða "Flutningur geita yfir varnarlínu". Bréfalykill er 4.5.0 Almennt. - Sjálfkrafa sendir þjónustugátt staðfestingu á móttöku umsóknar. Starfsmaður móttöku setur viðkomandi héraðsdýralækni (HDL) sem ábm málsins. - Öll gögn vegna samskipta við umsækjanda skal vista undir málinu í málakerfi eða tengja við umsókn í þjónustugátt.
2. Upprunabú metið		2. HDL gengur úr skugga um, eftir því sem kostur er, að ekki sé garnaveiki eða aðrir alvarlegir smitsjúkdómar í jórturdýrum á búinu sem flutt er frá. Ef búið sem flytja á frá er í öðru umdæmi er upplýsinga aflað hjá viðkomandi HDL. Lista yfir garnaveikibú má finna inni á heimasíðu MAST. Ekki er leyfilegt að flytja nautgripi eða geitur frá svæðum þar sem bólusett er við garnaveiki yfir á svæði þar sem ekki er bólusett við garnaveiki. Einnig tekur héraðsdýralæknir afstöðu til þess hvort hafna þurfi umsókn um flutning vegna áhættu við riðusmit, t.d. ef óskað er eftir því að flytja nautgripi frá búi sem er á miklu riðusvæði, yfir á bú sem er með sauðfé og er staðsett á hreinu svæði. Ef sótt er um flutning á geitum yfir varnarlínur (flutningur lífkiða) þarf að velja leyfð sölubú með tilliti til þess hvort bólusett er við garnaveiki á móttökubæ eða ekki og breyta leyfinu í samræmi við það.
3. Hjarðbækur skoðaðar		3. HDL kannar hvort skráningar í hjarðbók á báðum búum séu í lagi.
4. Móttökubú metið		4. HDL kannar hvort aðbúnaður og smitvarnir á búinu sem flytja á til séu í lagi, með því að skoða þau gögn sem til eru um búið.
5. Afgreiðsla umsóknar	Bréf	5. HDL afgreiðir umsókn og sendir út bréf til umsækjanda. Bréf er skrifað í málaskrá og sent til umsækjanda á hans svæði í Þjónustugátt og/eða í bréfpósti. - Ef umsókn er hafnað skal nota skjalasniðmát “HDL - Flutningur nautgripa/geita - höfnun”. - Ef umsókn er samþykkt skal nota skjalasniðmát “HDL - Flutningur nautgripa - samþykki” eða “HDL - Flutningur geita - samþykki”. - HDL lokar málinu í málaskrá með stöðunni “Samþykkt”.
Endir		